640. fundur stjórnar SASS
Haldinn á Hvolnum, Hvolsvelli
miðvikudaginn 28. október 2026, kl. 18:00

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður sem stýrði fundi, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir varaformaður, Gauti Árnason, Sveinn Hreiðar Jensson, Haraldur Þór Jónsson, Sveinn Ægir Birgisson, Matthías Bjarnason, María Rún Þorsteinsdóttir og Aníta Jóhannsdóttir sem sat fundinn fyrir Eyþór Harðarson. Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri ritar fundargerð

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjárhagsáætlun SASS 2027

Framkvæmdastjóri lagði fram fjárhagsáætlun SASS fyrir árið 2027 og fór yfir helstu tekju- og gjaldaliði. Á 639. fundi hafði framkvæmdastjóra verið falið að vinna drög fjárhagsáætlunar áfram í samræmi við umræður stjórnar og leggja þau aftur fyrir stjórn.

Stjórn samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2027 og leggur hana fyrir ársþing SASS til samþykktar.

2. Sorpstöð Suðurlands

Lögð var fram samantekt verkefnastjóra SOS um málefni Orkugerðarinnar og farið yfir stöðu málsins. Umfjöllun um Sorpstöð Suðurlands hafði verið frestað á 639. fundi þar til farið hefði verið yfir stöðu verkefnisins með verkefnastjóra SOS.

Stjórn ræddi samantektina og næstu skref varðandi eignarhlut SOS í Orkugerðinni.

Stjórn leggur til að farið verði í greiningu á félaginu og framtíðarmöguleikum.

3. Fulltrúi stjórnar SASS í verkefnastjórn Orkídeu

Stjórn ræddi skipan fulltrúa stjórnar SASS í verkefnastjórn Orkídeu þar sem Árni Eiríksson fyrrum stjórnarmaður hafði áður gengt stöðunni.

Stjórn leggur til að Haraldur Þór Jónsson taki við sem sem fulltrúi stjórnar SASS í verkefnastjórn Orkídeu.

4. Ályktanir stjórnar SASS fyrir ársþing 2026

Stjórn SASS lýsir þungum áhyggjum af síauknum álögum ríkisins á atvinnulíf og samfélög á landsbyggðinni og gagnrýnir harðlega skort á raunverulegu samráði við sveitarfélögin við undirbúning og innleiðingu þeirra.

Áform um innviðagjöld, hækkun virðisaukaskatts á baðlón, hækkun kílómetragjalds, breytingar á loftbrú, skorti á lagaumgjörð um landeldi, ófyrirsjáanleiki í skattlagningu skemmtiferðaskipa og veggjöld eru dæmi um ákvarðanir sem geta haft veruleg og samverkandi áhrif á atvinnulíf, íbúa og samkeppnishæfni landsbyggðarinnar. Sérstaklega er mikilvægt að horft sé til þess að Suðurland gegnir lykilhlutverki í íslenskri ferðaþjónustu, matvæla- og orkuframleiðslu og að öflugt atvinnulíf á svæðinu skilar þjóðarbúinu gríðarlegum verðmætum.

Stjórn SASS leggur áherslu á að sveitarfélögin og atvinnulífið eru reiðubúin til að axla sanngjarna ábyrgð á uppbyggingu innviða og fjármögnun sameiginlegrar þjónustu. Slíkar ákvarðanir verða hins vegar að byggjast á heildstæðu mati á áhrifum þeirra, sanngjarnri skiptingu byrða og raunverulegu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn SASS skorar á ríkisstjórn Íslands að endurskoða fyrirhugaðar álögur, meta samanlögð áhrif þeirra á landsbyggðina og tryggja að sveitarfélögin komi að mótun ákvarðana frá upphafi. Það er ekki nóg að hlusta á sveitarfélögin þegar ákvarðanir hafa þegar verið teknar. Þau verða að vera raunverulegir samstarfsaðilar við mótun þeirra.

Stjórn SASS samþykkir að leggja til samþykktar á ársþingi samtakanna eina ályktun sem ávarpar þá miklu aðför sem gerð er að landshlutanum í fjárlagafrumvarpinu.

5. Önnur mál

a. Umsögn/bókun vegna “Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögreglulögum og fleiri lögum (skipulagsbreytingar hjá lögreglu)“.

Stjórn SASS tekur undir markmið fyrirhugaðra breytinga um að efla faglega getu lögreglu, auka sérhæfingu og bæta samhæfingu. Stjórnin leggur þó ríka áherslu á að breytingarnar leiði ekki til skerðingar á nærþjónustu, staðbundinni stjórnun eða viðbragðsgetu á Suðurlandi. Sérstaklega þurfi að tryggja skýrar valdheimildir staðbundinna stjórnenda, fullnægjandi mönnun og fjármögnun, áframhaldandi starfsstöðvar og skýrt fyrirkomulag almannavarna. Við ákvörðun um mönnun og viðbragðsgetu verði tekið mið af sérstöðu Suðurlands, meðal annars miklum fjölda ferðamanna, náttúruvá, vegalengdum, hálendissvæðum og sérstöðu Vestmannaeyja.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi umsögn SASS og felur framkvæmdastjóra að koma henni á framfæri.

b. Ósk um að SASS skrifi undir viljayfirlýsingu við Þjóðaróperuna og Sinfóníuhljómsveit Suðurlands um áframhaldandi samstarf.

Þjóðaróperan er á ferð um landið að kynna sig og samstarf við landshlutana. Fyrirhugaðir eru tónleikar þann 8.nóvember í Skálholti. Óperan hefur þegar skrifað undir viljayfirlýsingu við aðra landshluta og óskar eftir að skrifa undir svipaða viljayfirlýsingu við SASS í tengslum við þá menningarstefnu sem nú er unnið að á vegum landshlutans.

Stjórn samþykkir að SASS taki þátt í viljayfirlýsingu um samstarf við Þjóðaróperuna og Sinfóníuhljómsveit suðurlands og felur framkvæmdastjóra að skrifa undir viljayfirlýsinguna.

c. Fundur með sveitastjórn Rangárþings Eystra

Stjórn SASS fundar með sveitastjórn Rangárþings Eystra, í kjölfar stjórnarfundar. Fundurinn er hluti af þeirri hefð að stjórn SASS fundi með gestgjafasveitarfélagi kvöldið fyrir ársþing.

Stjórn þakkar sveitastjórn fyrir góða kynningu og samtal.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.19:15

Næsti fundur stjórnar verður 13.nóvember 2026 sem Teams fundur.